

Fréttatilkynning vegna ársreiknings Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2010.

Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2010 verður tekinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs miðvikudaginn 4. maí 2011. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn miðvikudaginn 18. maí næstkomandi.

Rekstarafgangur 11,7 millj. kr. á árinu 2010.

Samstæða A og B hluta:

Rekstarafgangur í samstæðureikningi Fljótsdalshéraðs fyrir A og B hluta á árinu 2010 nam tæpum 12 millj. kr. sem er um 56 millj. kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í samþykktri áætlun fyrir árið 2010. Framlegð (EBITDA) úr rekstrinum skilaði 469 millj. kr. eða 19,42% framlegðarhlutfalli. Til samanburðar nam framlegð um 245 millj. kr. á árinu 2009 eða 10% framlegðarhlutfall.

Samkvæmt rekstarreikningi ársins 2010 námu rekstartekjur A og B hluta 2.416 millj. kr. samanborið við 2.436 millj. kr. á árinu 2009. Lækkun frá fyrra ári nemur 0,8%.

Rekstargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstarkostnaður, afskriftir og tekjuskattur námu á árinu 2.177 millj. kr. en voru 2.360 millj. kr. á árinu 2009. Lækkun frá fyrra ári nemur 7,8%.

Veruleg breyting er á fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2010 námu 228 millj. kr. samanborið við 483 millj. kr. árið 2009.

Afkoma sveitarfélagsins batnar því um 420 millj. kr. á milli ára.

Við samanburð á rekstri á milli árana 2009 og 2010 þarf að hafa í huga að hluti breytinga skýrist af breytingum á reikningsskilaaðferðum sem gerðar voru í árslok 2009 varðandi meðferð leigusamninga af fasteignum og mannvirkjum. Þessar breytingar tóku gildi í árslok 2009 og því eru leigugreiðslur vegna leigusamninga um fasteignir á mannvirki færð sem rekstargjöld í rekstarreikning á árinu 2009 en þessi kostnaður er færður í rekstarreikning sem afskriftir leigueigna og vaxtagjöld á árinu 2010.

A hluti:

Rekstartekjur A hluta námu 2.109 millj. kr. samanborið við 2.134 millj. kr. á árinu 2009. Lækkun milli ára nemur alls 1,2%.

Rekstargjöld A hluta námu alls 1.966 millj. kr. á árinu 2010 en voru 2.151 millj. kr. á árinu 2009.

Lækkun frá fyrra ári nemur 8,6%.

Efnahagsreikningur 31.12.2010:

Helstu niðurstöður efnahagsreiknings eru samkvæmt töflum hér að neðan:

Í þús. kr.	A-hluti		A- og B hluti	
	2010	2009	2010	2009
Eignir:				
Óefnislegar eignir	0	0	1.422	1.476
Varanlegir rekstarfjármunir	4.694.386	4.259.846	6.390.920	5.962.300
Áhættufjármunir og langt. kröfur	524.020	370.273	343.126	321.484
Veltufjármunir	446.843	719.599	266.391	384.988
Eignir samtals	5.665.249	5.349.718	7.001.859	6.670.248

Eignir A og B hluta:

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 7.002 millj. kr. í árslok 2010 fyrir A og B hluta, samanborið við 6.670 millj. kr. í árslok 2009. Breyting á milli ára er 5% hækkun.

Varanlegir rekstarfjármunir námu alls 6.392 millj. kr. hjá A og B hluta og aukast um 429 millj. kr. frá fyrra ári.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu 343 millj. kr. sem er hækkun um 22 millj. kr. á milli ára, sem skýrist af hækkun langtímakrafna.

Óinnheimtar skatttekjur námu 81 millj. kr. í árslok 2010 samanborið við 100 millj. kr. árið áður og nemur lækkunin 18,5% á milli ára.

Aðrar skammtímakröfur lækka einnig um 18,6% á milli ára og námu í árslok 146 millj. kr.

Eignir A hluta:

Heildareignir A hluta námu 5.665 millj. kr. í árslok 2010, samanborið við 5.350 millj. kr. í árslok 2009 sem er hækkun um 5,9% á milli ára.

Í þús. Kr	A-hluti		A- og B hluti	
	2010	2009	2010	2009
Eigið fé og skuldir:				
Eigið fé	244.957	240.897	36.019	21.185
Skuldbindingar	286.407	285.205	294.382	293.091
Langtímaskuldir	4.498.917	3.600.652	5.939.745	2.082.000
Skammtímaskuldir	634.968	1.222.965	731.713	1.273.971
Skuldir og eigið fé samtals	5.665.249	5.349.719	7.001.859	3.670.247

Eigið fé A og B hluta:

Eigið fé A og B hluta var jákvætt um 36 millj. kr. í árslok 2010 og er eiginfjárhlutfall sveitarfélagsins jákvætt um 0,5% samanborið við 0,3% eiginfjárhlutfall í árslok 2009.

Skuldir og skuldbindingar A og B hluta:

Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi námu 6.966 millj. kr. í árslok 2010 fyrir A og B hluta, samanborið við 6.649 millj. kr. í árslok 2009.

Langtímaskuldir námu alls 5.940 millj. kr. hjá A og B hluta samanborið við 5.082 millj. kr. árið áður og hækka um 16,6% á milli ára.

Skammtímaskuldir námu 732 millj. kr. í árslok 2010 hjá A og B hluta samanborið við 1.274 millj. kr. árið áður og nemur lækkunin alls 42,6% á milli ára. Skýrist lækkunin helst af því að hluta fjármögnunar viðbyggingar við Egilsstaðaskóla var skammtímaskuld í árslok 2009 en gengið var frá langtímafjármögnun á árinu 2010.

Skuldir og skuldbindingar A hluta:

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluta námu 5.420 millj. kr. í árslok 2010 samanborið við 5.109 millj. kr. í árslok 2009 sem er hækkun um 6,1% á milli ára.

Langtímaskuldir námu alls 4.499 millj. kr. hjá A hluta samanborið við 3.637 millj. kr. árið áður og hækka um 23,7% á milli ára.

Skammtímaskuldir námu 635 millj. kr. í árslok 2010 hjá A hluta samanborið við 1.186 millj. kr. árið áður og nemur lækkunin alls 46,5% á milli ára.

Sjóðstreymi ársins 2010:

Í þús. kr.	A-hluti		A- og B hluti	
	2010	2009	2010	2009
Úr sjóðstreymi:				
Veltufé frá rekstri	113.843	5.418	230.188	96.981
Handbært fé frá rekstri	134.337	90.556	257.727	189.709
Fjárfestingarhreyfingar	-561.617	-969.608	-586.644	-1.161.907
Fjármögnunarhreyfingar	385.023	785.520	262.055	808.026
Hækkun (lækkun á handbæru fé)	-42.257	-93.532	-66.862	-164.172

Sjóðstreymisyfirlit A og B hluta:

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti 2010 nam veltufé frá rekstri A og B hluta 230 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 97 millj. kr. á árinu 2009, sem svarar til 133 millj. kr. hækkunar á milli ára.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A og B hluta um 258 millj. kr. samanborið við 190 millj. kr. á árinu 2009, eða sem svarar til 35,9% hækkunar

Fjárfesting umfram sölu eigna á árinu í A og B hluta nam samtals 587 millj. kr. samanborið við 1.162 millj. kr. á árinu 2009.

Fjármögnunarhreyfingar ársins fyrir A og B hluta sýna að innborganir umfram útborganir voru 262 millj. kr. á árinu 2010, sem þýðir að lántökur ársins voru hærri en afborganir langtímaskulda og skuldbindinga og lækkun skammtímaskulda.

Handbært fé lækkaði um 67 millj. kr. á árinu og nam það 40 millj. kr. í árslok 2010.

Sjóðstreymisýfirlit A hluta:

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti 2010 nam veltufé frá rekstri A 114 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 5 millj. kr. á árinu 2009, sem svarar til 109 millj. kr. hækkunar á milli ára.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A og B hluta um 134 millj. kr. samanborið við 91 millj. kr. á árinu 2009.

Fjárfesting umfram sölu eigna á árinu í A og B hluta nam samtals 562 millj. kr. samanborið við 970 millj. kr. á árinu 2009.

Fjármögnunarhreyfingar ársins fyrir A hluta sýna að innborganir umfram útborganir voru 385 millj. kr. á árinu 2010, sem þýðir að lántökur ársins voru hærrí en afborganir langtímaskulda og skuldbindinga og lækkun skammtímaskulda.

Handbært fé lækkaði um 42 millj. kr. á árinu og nam það 25 millj. kr. í árslok 2010.

Fjárfestingar á árinu 2010:

Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstarfjármunum nam 608 millj. kr. á meðan endurskoðuð fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 499 millj. kr. Þar af eru 69 millj. kr. vegna kaupa á eignum Sláturhúss Menningarseturs ehf., en það er B hluta fyrirtæki sveitarfélagsins og því er sala á móti þeirri fjárfestingu í B hluta.

Fjárfesting í B hluta nam samtals 88 millj. kr. en fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 68 millj. kr. í fjárfestingu.

Fjárhagsáætlunin var tekin til endurskoðunar í sveitarstjórn þann 3. Febrúar 2010 og aftur þann 2. júní 2010.

Stærstu einstöku fjárfestingar ársins í A hluta eru viðbygging við Egilsstaðaskóla um 397 millj. kr., gatnaframkvæmdir námu 68 millj. kr., uppbygging tjaldsvæðishúss og tjaldsvæðis nam um 43 millj. kr. en þar kom á móti sala á hluta húsnæðisins fyrir 13 millj. kr. Fastafjármunir Sláturhússins Menningarseturs ehf að fjárhæð 69 millj. kr. færðust í A hluta úr B hluta. Í B hluta námu fjárfestingar vegna hitaveitu um 80 millj. kr., og fjárfestingar Fráveitu námu 6 millj.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga:

Í ljósi hallareksturs á árinu 2009 voru á árinu 2010 bréfaskipti og fundir með Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga. Niðurstaða nefndarinnar var að ekki verði aðhafst frekar á grundvelli ársreiknings 2009 en nefndin mun áfram fylgjast náið með framvindu fjármála sveitarfélagsins á næstu misserum.

Ítrekaði nefndin mikilvægi þess að unnið sé markvisst að lækkun skulda sveitarfélagsins og aukningu framlegðar frá rekstri.

Fjárhagsáætlun 2011 - 2014:

Bæjarstjórn Fljótshálsa samþykkti 3ja ára áætlun fyrir sveitarfélagið á fundi sínum þann 16. febrúar 2011. Þar er gert ráð fyrir jákvæðum rekstarafgangi öll árin 2011 til 2014 sem fari vaxandi. Jafnframt var samþykkt að áfram verði haldið í þeirri vinnu sem í gangi hefur verið undanfarið misseri að leita leiða til frekari hagræðingar í rekstri því mikilvægt er til lengri tíma að reksturinn skili afgangi til að mæta skuldbindingum og nauðsynlegum fjárfestingum.

Í þús. Kr.	Tölulegar upplýsingar 2008 – 2014						
	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstartekjur	2.247.058	2.435.591	2.416.244	2.779.491	2.776.373	2.805.379	2.834.021
Rekstargjöld án afskrifta	-2.199.284	-2.190.512	-1.946.929	-2.168.833	-2.121.042	-2.133.731	-2.135.269
Afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir	47.774	245.079	469.315	610.658	655.331	671.648	698.752
Afskriftir ársins	-155.548	-178.117	-229.219	-221.128	-232.908	-235.140	-236.743
Fjármagnsliðir, nettó	-697.812	-482.967	-227.523	-370.081	-252.336	-240.841	-231.078
Aðrir liðir		8.484	-923		-3.302	-3.583	-3.871
Rekstarniðurstaða	-805.586	-407.521	11.650	19.449	166.785	192.084	227.060
Veltufé frá (til) rekstrar	-53.267	96.103	230.188	344.900	412.193	439.725	473.302

Þegar horft er til þróunar á veltufé frá rekstri frá árinu 2008 til og með áætlana fyrir árin 2011-2014 má sjá að þar er gert ráð fyrir miklum viðsnúningi. Þó er nauðsynlegt að leita alla leiða til að bæta frekar afkomuna á árinu 2012 sem jafnframt leggur grunn að enn betri afkomu 2013 og 2014. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja greiðsluhæfi sveitarfélagsins gagnvart þeim skuldbindingum sem á því hvílir.

Nánari upplýsingar veitir: Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshálsa